



3. útgáfa 26.08.2017

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	RENISO TRITON SEZ 32		
Vörunúmer:	3460 4392001	1 L	
	3460 4392005	5 L	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Smurefni.		
	Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi, sjá hér að ofan.		
1.3 Söluaðili:	N1	Framleiðandi:	Fuchs Schmierstoffe GmbH
	Dalvegur 10-14		Friesenheimer Strasse 19
	201 Kópavogur		D68169 Mannheim, Þýskaland
Sími:	4401000		00-49-621-3701-0
Netfang:	n1@n1.is		produktsicherheit@fuchs-schmierstoffe.de
Veffang:	www.n1.is		www.fuchs-schmierstoffe.de
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:	Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
	Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.		
2.2 Merkingaratriði:	Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
Hættumerki	Engin.		
Viðvörðunarorð	Ekkert.		
Hættusetningar	Engar.		
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til	
2.3 Aðrar hættur:	Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB. (PBT : Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB : Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).		
	Ekki eru neinar sérstakar hættur þekktar við meðferð jarðolíuefna og annarra efnavara, þegar gætt er venjulegra varúðarráðstafana (liður 7) og notaðar persónuhlífar (liður 8). Forðist losun út í umhverfið.		

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Blanda tilbúinna grunnolía og aukefna.			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	-
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Að jafnaði er ekki þörf á aðgerðum. Geymið ekki vætta klúta í vösum. Fjarlægjið mengaðan fatnað.
Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni verði vart við einkenni.
Snerting við húð	Hreinsið húð með vatni og sápu. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó og hreinsið fyrir næstu notkun.
Snerting við augu Inntaka	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Skolið munn með vatni.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Getur valdið ertingu í húð og augum.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Leitið lækni verði vart við einkenni.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Notið alkóhólþolna froðu eða vatnsúða á mikinn eld.
Óhentugur slökkvibúnaður Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Kolmónoxíð, koldíoxíð, eitraðar gufur geta myndast við upphitun og bruna.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.
Flytjið umbúðir af brunastað, sé það unnt án áhættu.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar. Haldið óviðkomandi fjarri. Reykið ekki. Varan getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu, sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Notið ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 7. um meðhöndlun, lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist myndun olíuúða. Forðist innöndun, inntöku og snertingu.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. við húð og augu. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum við herbergishita á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Forðist upphitun að blossamarki.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Á ekki við um innihaldsefni vörunnar.

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Forðist innöndun gufu og úða.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Notið CE merktan búnað.

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

Húð - hendur

Notið efnahelda hanska úr nitrílgúmmíi eða NBR, (>0,38 mm, EN 374). Notið verndarkrem. Athugið leiðbeiningar framleiðanda um gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska. Notið hanska með a.m.k. >240 mín. gegnstreymistíma en mælt er með >480 mín.

Húð - annað

Mælt er með notkun langgerma vinnufatnaðar (EN 13034). Öryggisskór.

Geymið ekki vætta klúta í vösum.

Öndunarfæri

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu/úða.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Gulleitur
Suðumark:	Ekki ákvarðað
Bræðslumark:	Ekki ákvarðað
Blossamark:	250°C
Sjálftendrun:	Nei
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim
Eðlismassi við 15°C:	1,000
Vatnsleysni:	Óleysanlegt
Seigja við 40°C	32,1 mm ² /s

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar, sterkar sýrur og basar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Kolmónoxíð, koldíoxíð, eitraðar gufur geta myndast við upphitun og bruna.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Inntaka Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Innöndun Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Húð Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Húðæting/erting Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Alvarlegur augnskaði Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Næming húð/öndunarfæri Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Krabbamein, stökkbreytingar

og eitrun æxlunarfæra Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Sértæk áhrif á markklíffæri Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Ásvelgingarhætta Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot: Á ekki við um efnablöndur.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Á ekki við um efnablöndur.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Á ekki við um efnablöndur.

12.5 PBT/VPvB: Varan inniheldur engin slík efni.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.
Skv. reglugerð nr. 184/2002 yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
13 02 08 (aðrar vélar-, gír- og smurolífur)

Óhreinarn umbúðir Óhreinarn umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.
Gatið ekki eða skerðið í tæmdar umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

IATA: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

Engar.

Útgáfa/Dags: 3/26.08.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

FUCHS SCHMIERSTOFFE GMBH

SIKKERHEDSDATABLAD ((EF) 1907/2006, artikel 31, bilag II)

RENISO TRITON SEZ 32

Útgáfa:

06.06.2016 / Útgáfa 2.2